

Svalbarðsstrandarhreppur

Afhending 2012/11

Svalbarðsstrandarhreppur er við austanverðan Eyjafjörð. Hann liggur frá nyrðri mörkum Eyjafjarðarsveitar eftir Vaðlaheiði og strönd hennar, að Garðsvík, sem er nyrsta jörð hreppsins. Svalbarðseyri er stærsti þéttbýliskjarni hreppsins en einnig hefur byggst upp íbúðar- og sumarhúsa hverfi í landi Veigastaða, sem er syðsta jörð hreppsins.

Getið er um jörðina Svalbarð, sem Svalbarðsströnd heitir eftir, í Landnámu og talið að byggt hafi verið á henni í kringum 980. Svalbarð er kirkjujörð frá fornu fari og var höfuðstaður hreppsins. Byggð tók að þéttast á Svalbarðseyri árið 1875 en þá hóf Baldvin Jónsson hákarlaútgerð frá höfninni. Svalbarðseyri varð löggiltur verslunarstaður árið 1894 og árið 1889 var þar stofnað Pöntunarfélag Svalbarðseyrar sem var ein elsta samvinnuverslun landsins.

Um tíma var bæði útgerð og síldarsöltun á Svalbarðseyri en lengst af var stærsti atvinnurekandinn á svæðinu Kaupfélag Svalbarðseyrar. Kaupfélagið rak kartöflugeymslur, kjötfrystihús og sláturhús. Á svipuðum tíma voru bændur í hreppnum meðal stærstu mjólkur- og eggjaframleiðenda landsins.

Á Svalbarðseyri er grunnskóli, leikskóli, íþróttahús, sundlaug og kirkja, auk þess sem kjötvinnslufyrirtækið Kjarnafæði er með allan sinn rekstur þar (2020). Í byrjun árs 2020 bjuggu tæplega 500 manns í Svalbarðsstrandarhreppi.

Svalbarðsstrandarhreppur tilheyrir Suður-Þingeyjarsýslu samkvæmt hefðbundinni sýsluskiptingu en hefur verið skilaskyldur gagnvart Héraðsskjalasafninu á Akureyri síðan árið 1988 þegar héraðsnefnd Eyjafjarðar var stofnuð. Áður var Svalbarðsstrandarhreppur skilaskyldur gagnvart Héraðsskjalasafni Þingeyinga á Húsavík og elstu gögn hreppsins er því að finna þar.

Afhendingin barst frá Birni Jósef eða Steina P. Aðrar afhendingar frá Svalbarðsstrandarhreppi eru 2006/8, 2009/18, 2010/20 og 2010/40.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

17. febrúar 2021

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

2012 / 11

A	1	1	1945 - 1994	Gjörðabók hreppstjóra
A	1	2	1982 - 1982	Sáttabók